

YFIRLÝSINGING 2000

um friðarmenningu og afnám ofbeldis

Við berum ábyrgð á friði

Takið þátt í alþjóðlegri hreyfingu fyrir friðarmenningu og gegn ofbeldi

- vegna þess að árið 2000 verður að marka nýtt upphaf, tækifæri til að breyta menningu ófriðar og ofbeldis í menningu friðar og sátta.
- vegna þess að þessi breyting krefst þátttöku okkar allra og breytingin verður að efla með ungu fólki og kynslóðum framtíðarinnar gildismat sem hvetur þau til að móta heiminn á grundvelli réttlætis, samstöðu, frelsis, virðingar, samlyndis og hagsæddar öllum til handa.
- vegna þess að friðarmenning getur rennt styrkari stöðum undir sjálfbæra þróun, verndun umhverfisins og velferð fyrir alla.
- vegna þess að mér er ljóst að ég ber einnig ábyrgð á framtíð mannkyns, sérstaklega framtíð barnanna

Ég heiti því að dags daglega, í fjölskyldu minni, í vinnunni, í heimabyggð minni, í landinu mínu og í heimshluta mínum að:

1. **Virða allt líf.** Virða lífið og sæmd hvers einstaklings án mismununar eða fordóma.
2. **Hafna ofbeldi.** Vera friðsamur, hafna hvers konar ofbeldi: líkamlegu, kynferðislegu, andlegu, efnahagslegu og félagslegu, sérstaklega gagnvart þeim sem eru varnarlausastír s.s. börn og unglingar.
3. **Deila með öðrum.** Deila af örhlæti tíma mínum og efnislegum gaðum til að vinna á óréttlæti og stjórnmalalegri og efnahagslegri undirokun.
4. **Hlusta til að skilja.** Verja málfrelsi og menningarlega fjölbreytni, ræða málin og hlusta án þess að taka þátt í öfgum, rógburði eða útskúfun.
5. **Vernda jörðina.** Láta mér annt um lífið og vera varkár og ábyrgur neytandi sem gætir jafnvægis í náttúru jarðar.
6. **Endurvekja samábyrgð.** Leggja mitt af mörkum við þróun samfélagsins með jafnrétti og virðingu fyrir lýðræðislegum gildum að leiðarljósi svo að saman getum við mótað nýja samstöðu.

www.unesco.org/manifesto2000

Dagsetn. og undirritun

ALÞJÓÐAÁR FRIDARMENNINGAR
ÁRIÐ 2000